

Alþingi
Erindi nr. P 132/1579
komudagur 11.4.2006



10. apríl 2006
ÓHB/sj

Samgöngunefnd Alþingis
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Varðar 84. mál, þingsályktunartillögu um legu þjóðvegur númer 1

Vísað er til bréfs samgöngunefndar, dagsetts 21. mars 2006.

Umferðarráð hefur ekki komið saman til fundar frá því að bréf nefndarinnar barst. Stjórn ráðsins ákvað því að senda fulltrúum í Umferðarráði erindið til umsagnar í tölvupósti. Enginn þeirra gerði athugasemd við þingsályktunartillöguna.

Mikilvægi góðra vegasamgangna, þar sem m.a er tekið tillit til umferðaröryggis, vegalengda og vetraraksturs, er að mati stjórnar Umferðarráðs ótvírætt. Með hliðsjón af því gæti sérstök úttekt, þar sem bornir eru saman bestu kostir á legu þjóðvegur númer 1 um Austur-Húnavatnssýslu og Skagafjörð, því án efa orðið lóð á vogarskál aukins umferðaröryggis. Hlýtur þá að vera við það miðað að nýir vegir verði hannaður með það að leiðarljósi að þeir verði öruggari en þeir gömlu, m. a. með tilliti til þeirra þátta í umhverfi vega sem áhrif hafa á umferðaröryggi. Í því sambandi vísar stjórnin enn á ný á kafla 7.4.2 í Umferðaröryggisáætlun 2002 til 2012, en þar stendur:

„Ein aðalorsök umferðarslysa á þjóðvegum er útafakstur. Þar sem umhverfi vega er hættulítið verða afleiðingarnar venjulega ekki miklar. En þar sem eru t.d. brattir fláar, stórir steinar, hraun eða skurðir má búast við að afleiðingar útafaksturs verði alvarlegar. Þess vegna er áriðandi að mati starfshópsins að veghaldari sjái til þess að umhverfi veganna sé sem hættuminnst. Gera þarf áætlun er miði að því að bæta umhverfi veganna. Til þess þarf mikið fjármagn og þyrfti að eyrnamerkja fjárveitingar til þess sérstaklega í vegáætlun. Gera þarf sérstakt átak í því að verja vegina gegn búfé. Gera þarf endurbætur á vegum og götum og umhverfi þeirra sem miða að því að gera þá sem öruggasta og minnka eins og kostur er meiðsl þegar óhapp verður.“

Stjórn Umferðarráðs álitur að aukin þekking á mismunandi aðstæðum í vegakerfmu og valkostum í leiðavali sé líkleg til að stuðla að því meginmarkmiði Umferðarráðs að auka öryggi vegfarenda. Kröfur til nútímavega eru verulega breyttar frá því sem áður var. Stjórnin er þeirrar skoðunar að við hverja nýframkvæmd og lagfæringu á þjóðvegi 1, og öðrum vegum með mikilli umferð, eigi að skoða hvort viðkomandi vegarkafli eigi ekki a.m.k. að vera svokallaður 2+1 vegur með víravegriði á milli akstursstefna, og öryggissvæðis í formi nægilega breiðra vegaxla.

f.h. Umferðarráðs,

Óli H. Þórðarson
formaður